

Hafnarfjarðarbær
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Hafnarfirði, 13. maí 2022

Efni: Umferðaröryggi á T-gatnamótum á Reykjanesbraut til móts við ISAL

Til þeirra er málið varðar.

Undirbúningur að tvöföldun Reykjanesbrautar er í fullum gangi og hafa fulltrúar ISAL átt í ágætum samskiptum bæði við Hafnarfjarðarbæ og Vegagerðina í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir. Tvöföldun brautarinnar mun auka umferðaröryggi á svæðinu verulega en það er mikið hagsmunamál fyrir fyrirtækið og starfsfólk þess sem og alla aðra vegfarendur. Hins vegar telur fyrirtækið ástæðu til að vekja athygli á verklok á svæðinu til móts við ISAL þar sem nú er ekið inn á geymslusvæði eru ekki áætluð fyrir en eftir 3 ár. Að mati fyrirtækisins er ekki hægt að bíða eftir því og nauðsynlegt að gera úrbætur á þessum gatnamótum. Undanfarið hefur umferð aukist umtalsvert og ferðamannaþjónustan er komin á fullan skrið sem eykur enn frekar á umferðapungan. Þá eru fleiri og fleiri aðilar byrjaðir að nýta lóðir og svæðið og fyrirsjáanlegt er að umferð stærrí ökutækja inn og út af svæðinu er að aukast verulega. Nú þegar eru byrjaðar að myndast tafir í kringum þessu gatnamót og að mati fyrirtækisins má lýsa þessu svæði sem umferðagildru.

Fyrirtækið vill hvetja Vegagerðina og Hafnarfjarðarbæ til að finna lausnir sem geta bætt strax úr umferðaröryggi á þessu svæði. Ýmsar leiðir eru færar sem kosta lítið miðað við þá hættu sem er nú á svæðinu.

Mögulegar leiðir til að bæta umferðaröryggi:

- Banna vinstri beygju í átt að Keflavík frá geymslusvæðinu
- Bæta við frárein við hægri beygju í átt að Hafnarfirði til að stærrí ökutæki nái upp meiri hraða áður en ekið er inn á Reykjanesbraut
- Opna akstursleið frá geymslusvæði í átt að kvartmílubraut en þegar er malarvegur þar sem nú er lokaðar.

Fyrirtækið á lóðina sem ekið er um inn á geymslusvæðið og starfsfólk fyrirtækisins keyrir um svæðið alla daga. Það er von okkar að hægt sé að grípa til aðgerða strax til að draga úr líkum á slysum og atvikum á svæðinu og lýsir fyrirtækið vilja sínum til samstarfs um lausnir.

F.h. Rio Tinto á Íslandi hf.



Bjarni Már Gylfason

Samskonar bréf er sent á Vegagerðina